

Alþingi nefndasvið  
Elín Valdís Þorsteinsdóttir  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24.04.2006  
Tilv. 40.13  
JP/gg

### Umsögn um frumvarp til laga um Vísinda- og tækniráð, 744. mál

Landspítala - háskólasjúkrahúsi hefur borist til umsagnar mál nr. 744, um breytingar á lögum nr. 2/2003 um Vísinda- og tækniráð, sem eftirleidis, verði frumvarpið að lögum, nefnt Vísinda- og nýsköpunarráð.

Í athugasemdum við frumvarpið eru raktar ástæður þess að frumvarp þetta er lagt fram og að með samþykkt laga nr. 2/2003 um Vísinda- og tækniráð, hefur stefnumótun í þessum málaflokkum leitt til aukinnar samhæfingar og skilningur á gildi vísindarannsókna fyrir efnahagslegar framfarir aukist.


Á það er bent að á vegum ráðsins hefur verið unnið að sameiningu rannsóknastofnana en atvinnuþróunarstarfsemi fellur ekki undir verksvið núverandi Vísinda- og tækniráðs. Þannig fjalli nýtt ráð um nýsköpun og atvinnuþróun eins og nánar er útlistað í frumvarpinu og athugasemdum við það.

LSH hefur áður gefið umsögn um mál 387, Matvælarannsóknir hf. Það frumvarp var m.a. unnið að tilhlutan Vísinda- og tækniráðs. Vonandi nær það frumvarp fram að ganga.

Að mati LSH er með frumvarpi þessu stigið eðlilegt skref í frekari þróun þessara mála og aukinni samhæfingu þeirra aðila sem að þessum málaflokki koma. Þannig er nýtt Vísinda- og nýsköpunarráð eðlileg þróun sem byggir á farsælli reynslu.

Af hálfu LSH er mælt með því að mál 744 nái fram að ganga og að ný lög um Vísinda- og nýsköpunarráð öðlist gildi þ. 1. sept. 2006.

Virðingarfyllst



Magnús Pétursson, forstjóri